

Nd.

275. Breytingartillögur

við frv. til laga um Ræktunarsjóð Íslands og brtt. á þingskjali 229.

Frá Tryggva Þórhallssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
Tilgangur Ræktunarsjóðs Íslands er að stuðla að því, að rækta og byggja landið.
2. Við brtt. 229, 2, 2. lið:
Liðurinn orðist svo:
2. Tillag úr rikissjóði, er samsvari þeirri upphæð með 4% vöxtum og vaxtavöxtum, er Ræktunarsjóður hefir greitt honum samkvæmt lögum 20. okt. 1905. Er það samningsatriði milli stjórnar sjóðsins og ríkisstjórnarinnar, hvenær og á hvern hátt greiðsla þessi fari fram, en lokið skal henni eigi síðar en 1. júní 1930.
3. Við brtt. 229, 2.
Nýr liður bætist við, er verður 4. liður:

Af öllum útfluttum íslenskum afurðum skal greiða verðtoll, sem renni í Ræktunarsjóð. Verðtollur þessi skal nema $\frac{1}{2}\%$ árið 1925 af verði útfluttra vara, en $\frac{1}{4}\%$ árin 1926 og 1927. Áfengistoll og tóbakstoll skal hækka um 10% frá því, sem nú er, og alla aðra tolla af innfluttum vörum (kaffi- og sykurtoll, vörutoll, verðtoll og önnur aðflutningsgjöld) um 5% . Gjald þetta rennur í Ræktunarsjóð árin 1925, 1926 og 1927. Öll þessi gjöld falla niður eftir árslok 1927.

Ríkisstjórnin sjer um innheimtu gjalda þessara með öðrum gjöldum, eftir nánari reglum, er hún setur um það. Gjaldið greiðist til Ræktunarsjóðs á ársfjórðungum.

4. Við 3. gr.

a. Orðin í annari málsgrein »Vextir af vaxtabrjefum 1. flokks skulu vera 6% « falli burt.

Orðin í síðustu málsgrein »annara flokka en hins fyrsta« falli burt.

b. Aftan við greinina bætist ný málsgrein:

Vaxtabrjef Ræktunarsjóðs Íslands skulu vera skattfrjáls. Þau og vaxtamiðar þeirra eru undanþegin kyrsetningu og lögaldi og greiðsla andvirðis þeirra til rjettra eigenda, eða löglegra handhafa, verður eig hindruð með neinskonar lögbanni.

5. Við 8. grein. Í stað tveggja fyrstu málsgreinanna komi:

Fje Ræktunarsjóðs Íslands má eingöngu lána til jarðræktar — þar til teljast allar jarðabætur, sem taldar eru í skýrslum búnaðarsfjelags — og til húsagerðar á býlum bænda og landnema.

6. Við 13. grein.

Á eftir »til girðinga« í b-lið komi: vega.

7. Við 27. gr.

Aftan við greinina bætist ný málsgrein:

Landsbanka Íslands er skylt að leggja fram til Ræktunarsjóðs ef stjórn Ræktunarsjóðs æskir þess, jafnháa upphæð og lög um stofnur Búnaðarlánadeildar frá 4. júní 1924 mæla fyrir, og með sömu vaxtakjörun og þar greinir, að Landsbankinn skuli leggja fram til Búnaðarlánadeildarinnar. Skal þeirri greiðslu lokið fyrir árslok 1926, að frádreginni þeirri upphæð, sem hann kann að hafa lagt Búnaðarlánadeildinni.

8. Við 28. gr.

Í stað orðanna í fyrstu málsgrein »skal að á landbúnaði« komi skulu gæslustjórnarnir skipaðir eftir tillögum Búnaðarpings.

9. Við 33. gr.

Á eftir 33. gr. bætist ný grein:

Þá er Ríkisveðbankinn verður stofnaður samkvæmt lögum 27. júní 1921, má sameina Ræktunarsjóðinn honum. Skal Ræktunarsjóðurinn þó ávalt vera sjerstök deild í Ríkisveðbankanum og halda áfram starfsemi sinni með óskiftum rjettindum.